

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[hildure@althingi.is](mailto:hildure@althingi.is)

Dags. 03.05.2019  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2019-0090  
0.5.2

Hér á eftir fer umsögn Veðurstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (styrking á stjórnsýslu og umgjörð) - 758. mál.

Veðurstofan lýsir ánægju sinni með lagafrumvarp þetta en telur þó mikilvægt að eftirfarandi komi fram:

1) Mörg ákvæði frumvarpsins eru mjög til bóta, s.s. í 2. gr. a þar sem skerpt er á hlutverki verkefnisstjórnar aðgerðaáætlunar. Einnig er akkur í nýju ákvæði í 2. gr. b um aðlögun að loftslagsbreytingum, en útfærsla þess er þó mjög opin. Þótt dregið verði verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda á hnattræna vísu mun eftir sem áður þurfa að bregðast við þeim afleiðingum sem þegar eru óhjákvæmilegar. Rétt eins og gildir um aðgerðaáætlun er líklegt að áætlun um aðlögun muni bæði þurfa víðtæka aðkomu hagsmunaaðila og formlegan farveg. Ekki er ljóst að ákvæðið „*Ráðherra [...] setur reglugerð um gerð og eftirfylgni hennar*“ tryggji nægilega formfestu. Aðlögun að loftslagsbreytingum verður umfangsmikið verkefni og kann í framtíðinni að kosta verulegar fjárhæðir. Því er mikilvægt að hugað sé vel að skipulagi og fjármögnun áætlunar um aðlögun.

2) Í 3. gr. a um loftslagsráð hljóði 4. tl. 2. mgr. svo:

*Hafa yfirsýn um fræðslu og miðlun upplýsinga um loftslagsmál til almennings, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.*

Þá hljóði 5. tl. 2. mgr. svo:

*Rýna tillögur sem berast frá fagstofnunum um vöktun og rannsóknir sem tengjast loftslagsbreytingum.*

3) Innihald 3. gr. c um vísindalegar skýrslur um áhrif loftslagsbreytinga er afar mikilvægt og ber að fagna því sérstaklega. Þó væri enn frekar til bóta að bæta við ákvæði um hvernig fjármagna skuli vinnslu skýrslanna.

4) Í 5. gr. eru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum um loftslagssjóð. Þar eru m.a. felldar út allar vísanir í aðlögun að loftslagsbreytingum og er erfitt að sjá að ákvæði þessa frumvarps leyfi fjármögnun rannsókna eða aðgerða vegna aðlögunar að þeim. Veðurstofan telur þessar breytingar óheppilegar og leggur til að bætt verði við „... *aðlögun og ...*“ í síðustu setningu greinarinnar og hljóði hún þá í heild á þennan veg:

Icelandic  
Meteorological Office

*Loftslagssjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir ráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Styrkir til nýsköpunarverkefna eru ætlaðir meðal annars til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við aðlögun og innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun.*

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ